



- Spurning 1 Býrð þú á Fljótsdalshéraði?
- Spurning 2 Hvar á Fljótsdalshéraði býrð þú?
- Spurning 3 Miðað við undanfarin ár, hversu miklu meiri/minni áherslu á, að þínu mati, að leggja á eftirfarandi þætti á verksviði umhverfis- og héraðsnefndar?
- Spurning 4 Hvert telur þú vera ástand opinna svæða á eftirtöldum stöðum?
- Spurning 5 Hvað varðandi opin svæði þarfnast, að þínu mat, úrbóta?
- Spurning 6 Hvernig finnst þér að Tjarnargarðurinn eigi að vera?
- Spurning 7 Hvað finnst þér að helst þurfi að gera í Selskógi?
- Spurning 8 Hvar finnst þér helst vanta nýja göngu- og/eða hjólastíga í sveitarfélaginu?
- Spurning 9 Hvar finnst þér helst þurfa að bæta merkingar á eldri stígum/gönguleiðum í sveitarfélaginu?
- Spurning 10 Hvað af eftirfarandi vilt þú helst fá fræðslu um?
- Spurning 11 Hvernig telur þú best að koma upplýsingum um umhverfismál á framfæri við íbúa?
- Spurning 12 Hvað varðandi fjallskilamál þarf helst að bæta?
- Spurning 13 Finnst þér opnunartími gámavallar á Egilsstöðum viðunandi? (kl. 9-17 virka daga, 11-14 laugardaga, auk þess sem opið er frá kl. 12-14 á sunnudögum frá 1. maí til 1. sept.)
- Spurning 14 Hvaða breytingar þarf helst að gera?
- Spurning 15 Vilt þú koma fleiru á framfæri?

Býrð þú á Fljótsdalshéraði



Hvar á Fljótsdalshéraði býrð þú?



Miðað við undanfarin ár, hversu miklu meiri/minni áherslu á, að þínu mati, að leggja á eftirfarandi þætti á verksviði umhverfis- og héraðsnefndar?

	Uppbygging göngu- og hjólastíga	Umhirða opinna svæða	Merking/ stikun gönguleiða	Vinnuskólinn	Umhverfisfræðsla	Sorphirða / -förgun / -flokkun	Fjallskilamál
Leggja mun meiri áherslu á en verið hefur	60	46	39	29	18	9	6
Leggja nokkuð meiri áherslu á en verið hefur	38	48	47	36	52	37	12
Halda eins og verið hefur	19	21	25	43	35	68	64
Leggja nokkuð minni áherslu á en verið hefur	1	1	2	1	4	1	4
Leggja mun minni áherslu á en verið hefur	1	2	2	1	1	1	7
Samtals	119	118	115	110	110	116	93

Miðað við undanfarin ár, hversu miklu meiri/minni áherslu á, að þínu mati, að leggja á eftirfarandi þætti á verkswiði umhverfis- og héraðsnefndar?

Dýrahald á Fljótsdalshéraði

Það er hallærinslegt að reiðhjólæftirlitsmaður bæjarinns fari um og merki kerrur sem bæjarbúar eiga en hrófli ekki við hjólhýsum sem loka göngustígum, það er heldur ekkert bannað að hafa kerrur á bílastæðum samkvæmt umferðarlögum, þannig að bærinn er dálítið að skjóta sig í rassinn með þessum aðgerðum sínum og einnig mætti taka upp flokkun á sorpi við stofnanir og skóla.

Gerð hjólastíga um héraðið

stuðla að því að stoppa lausagöngu bíla

Loka sárum í land Votihvammur og á móts við Votahvamm

Umhirða opinna svæða er sama sem enginn af hálfu sveitafélagsins á Hallormsstað.

Koma til skila ábendingu til fyrirtækja um að halda lóðum og nánasta umhverfi án rusls. Sérstaklega sjoppum, veitingastöðum og verslunum.

Leggja meiri áherslu á opin svæði, ferðamannasvæði innanbæjar, leiksvæði fyrir börn.


Eyðingu illgresis í þéttbýli.

Ekki viss um að' svara öllu.

Héraðsnefnd fari að sinna því að fá ríkisvaldið til að koma með fjármagn til uppbyggingar vega í dreifbýli

Lýsing í Selskógi allan hringinn, breikkun göngustígsins þar og ruðningur hans á vetrum.


Miðað við undanfarin ár, hversu miklu meiri/minni áherslu á að þínu mati, að leggja á eftirfarandi þætti á verk sviði umhverfis- og héraðsnefndar?




Hvert telur þú vera ástand opinna svæða á eftirtöldum stöðum?

	Hallorms-staður	Brúarás	Skjólgarður	Tjarnar- garðurinn	Selskógur	Umhverfi Fellavallar	Eiðar	Miðbær Egilsstaða
Mjög slæmt	0	1	5	6	6	7	7	8
Ófullnægjandi	11	15	31	39	41	37	34	59
Nokkuð gott	58	57	71	65	63	60	40	47
Mjög gott	16	4	4	6	3	3	1	3
Samtals	85	77	111	116	113	107	82	117

Hvert telur þú vera ástand opinna svæða á eftirtöldum stöðum?



Hvað varðandi opin svæði þarfnast, að þínu mati, úrbóta?



Hvað varðandi opin svæði þarfnast, að þínu mati, úrbóta?

hirða upp skít

Það vantar stórlega á merkingar gangbrauta fyrir gangandi vegfarendur og er það mjög bagalegt og getur valdið slysum, flestar gangbrautarkerkingar í bænum sjást ekki.

Bara svo ég komi því einhversstaðar á framfæri þá finnst mér óþolandi að hafa lokað svæðið fyrir garðaúrgang.

Það er líka svo frábært að komast þangað til að sækja sér eldi- og tálguvið.

Leggja meiri áherslu á gróður sem passar sig sjálfur

Ganga frá gangstéttum í suður byggðum. Setja ljósastaura við götu milli N1 og Húsasmiðju.

Ljúka frágangi þar sem verið er að vinna að úrbótum svæða

Hljóðmönin við Eiðaveg þarf að lagfæra, mikil óþryði

fleiri leiktæki fyrir börn, t.d. í Selskógi

Umhirða göngustíga

Nánasta umhverfi göngustíga 1-2 metrar meðfram

Grisjun og endurnýjun á skóginum í Selskógi :)

Laga stíga og skilti

Leiktæki, aðdráttarafli fyrir fjölskyldur til að koma og setjast niður.

frágangur á og við göngustíga

Lagfæring göngustíga, uppbygging og lagfæring leiktækja.

Klára þau leiksvæði sem er gert ráð fyrir í nýjum hverfum. T.d í Bláargerði

Betri salernissaðstöðu og leiktæki í Selskógi

Setja pressu á einkaaðila sem eiga opin svæði í órækt og láta þá taka þar til og snyrta.

Setja pressu á að innkoma í bæinn verði gerð snyrtileg, til skammar að koma inn að sunnanverðu og keyra framhjá

Dagsverki og ryðguðu gámunum þar. Einnig má setja pressu á eigendur fyrirtækja í Fellabæ og við innkomuna í


Fellabæ að norðan að snyrta í kringum sig, mála og setja plöntur til að fela aðeins ljót stór hús og vinnuvélar.

Brynhildargarður umhirða hefur verið til skammar

Lýsing, góðir göngustígar, skóbrekkur fyrir hjólastóla og vagna þar sem við á

umgengni hrossabónða

Hvernig finnst þér að Tjarnargarðurinn eigi að vera?



Hvernig finnst þér að Tjarnargarðurinn eigi að vera?

Væri gaman að geta gefið öndum brauð!

fleiri bekkir fyrir stirða eldri borgara

Ég tel nóg pláss fyrri íþróttatæki annarstaðar í þéttbýlinu. Það væri kostur að gera Tjarnargarðinn að eðlilegu framhaldi af skólalóð Egilsstaðaskóla og leikskólans (hvað sem hann nú heitir núna). Það mættis skoða með að staðsetja sviðið í Tjarnargarðinum þannig að fólk gæti setið í brekkunni og horft til norðurs.

Leiktækjum fyrir börn svo fjölskyldur geti notið þess að vera í garðinum. Alltof lítið notaður garður .

Byggja á þessu reit. Egilsstaðir og nágrenni er einn samfelldur grasagarður.

Halda í hreinlegast útlit sem kostar lítið í rekstri. Sé ekki ástæðu til að komið verði upp skruðgarði fyrir almannafé.

Tjarnargarður er ekki til á Egilsstöðum. Lómatjarnargarður er til og er hann kendur við Lómatjörn sem er við Tjarnarbraut.

Vanda þarf betur ruslatíslu.

Það þarf að moka uppúr tjörninni. Hún er að hverfa af því að sefið er að taka yfirhöndina. Getur t.d. ekki nýst sem skautasvell út af því.

fylla upp í "tjörnina" eða gera hana almennilega


Tengja Tjarnargarðinn við Pósthúsagarðinn og þaðan niður í Miðvang að minigolfvelliinum með grænum dregli.

Meiri lýsingu yfir vetur, og þá líka jólaljós að einhverju marki.

lýsingu

Gera garðinn skjólsælli og þurrka betur upp, gera tjörnina að tjörn. Hafa íþróttatæki þar og fleiri bekki/sæti til að hafa það gott á góðum dögum.

Hvað finnst þér að helst þurfi að gera í Selskógi?



Hvað finnst þér að helst þurfi að gera í Selskógi?

Hafa salernin opin og í lagi,

Alls ekki malbika, þarf að huga að birkitrjámum, þau eru í mjög slæmu ástandi.

Minnka hundaskít

Þar sem fjölskylduferð í Selskóg tekur nokkra tíma þá þarf að hafa opna salernisaðstöðu og rennandi vatn.

..

Leita hugmynda í Kjarnaskógi á Akureyri sem er fyrirmyndarútivistarsvæði fyrir alla fjölskylduna

Bæta merkingar stíga.

Alls ekki fara að malbika í skóginum takk!!!!!! En það mætti nýta gamla skúrinn eða bæta útileikhússvæðið betur.

Hreinsa burt dauð tré og planta nýjum

Koma geitum í skóginn eða annarri stýrðri beit. Eykur fjölbreyttni og getur dregið að ferðamenn. Tryggja öryggi fólks til muna með merkingnum og girðingum. Halda aðalstíg sem mest þurrum. Fjarlægja hættuleg leiktæki.

Grisja þaf skóginn og planta inni hann Íslensku birki. Tveir möguleikar í plöntum safna fræi úr skóginum og halda sama kvæmi af birki (dýrara) eða nóta Íslenskt birki kemur þá líklega beinvaxnari birkiskógur í staðin. Hef ekki skoðun á hvort er betra, fer eftir því fjármagni sem er lagt í verkefnið. Nauðsýnlegt af hefja plöntun sem fyrst, því það er sama sem einginn endurnýjun í skóginum.

Það ætti að grisja meira og hreinsa burt brotin og illa farin tré. skógurinn þyrfti að hækka.

Vantar Grillaðstöðu og leiktæki fyrir börn s.b. skóginn við Akranes.

skoða uppsetningu á sknúðgarði.

Ekki malbika meira,ég vil finna náttúrulega jörð undir fótum.

Planta umtalsvert meira birki til endurnýjunar á því sem drepist hefur vegna aldurs og maðkaplágu.

Malbika aðalstíginn upp í skóg.

fjarlægja brotin tré

Salernissaðstaðan er ekki góð og /eða illa hugsað um hana og svo mættu vera fleiri borð og bekkir þar.

Setja göngubrú yfir í Taglarétt og fjölga gönguleiðum. Sárvantar lausnir fyrir fólk sem vill almenna útivist.

Malbika stíginn meðfram Votahvammi

Setja upp fleiri bekki og borð. Mætti setja hér og þar við stíginn svo bæði ungt og gamalt fólk geti sest niður, með t.d. nesti og í spjall við sína og aðra sem ganga framhjá.

Breikka og malbika stígana, fjölga þeim, lýsing allan stóra hringinn, setja malbikað tennisbúr í eitt hornið á opna græna svæðinu eins og er á Víðistaðatúninu í Hafnarfirði. Hafa skjólgóða teygjuaðstöðu fyrir skokkara og göngufólk. Bekki og sæti víða um skóginn.

fella dauð tré og kurla í stíga, taka ákveðin svæði fyrir á hverju ári

Reyna að halda skóginum sem mest náttúrulegum, með stígum, líkt og nú er. Ekki lýsa hann meira upp.

Hvar finnst þér helst vanta nýja göngu- og/eða hjólastíga í sveitarfélaginu?

Meðfram Lagarflótinu

Fellabæ

Meðfram Eyvindaránni, og t.d. frá ME eða Vonarlandi að stígnum á Nesinu.

Egilsstaðir - Hallormsstaður

Væri mikill fengur í að fá hjólastíg milli Egilsstaða og Hallormsstaðar

Um allt héraðið, hægt að hjóla hringinn með börn

Meðfram Vallavegi

GAngandi vegfarendur sem ganfa niður Selás þurfa sífellt að skipta um gangstétt því þær eru ekki alltaf sömu megin.

Þetta er á fleiri stöðum.

í Fellabæ

Í kringum flugvöllinn og með fram Eiðaveginum frá Eyvindaránni.

Suður fyrir Hamragerðisblokkir

Fá Norðurlandsvegi að Menntaskóla

?

inn vallaveg og með fram eiðavegi

Milli Hallormsstaðar og Egilsstaðar

kringum Lagarfljót of á fleiri stöðum út fyrir Egilsstaðir svo hægt sé t.d. að fara með börn í hjólatúr

Vildi sjá fleiri göngustíga um Hamrasvæðið, og stíga sem liggja upp á Fagradal og inn að Hallormsstað

Vantar að halda stígum færum á veturnar. Vantar stíga í atvinnu-hverfum.

Fellamegin og meðfram aðalveginum, t.d. svo að hægt væri að fara hringinn í kringum fljótið án þess að vera á veginum

Loka heildar hring á Egilsstöðum og Fellabæ. Er alveg að hafast.

Frá Bónus-svæðinu upp að menntaskóla

Í Fellabæ og nágrenni

Meðfram Þjóðvegi upp Velli og með Eiðavegi, mikið af fólki að hjóla og hlaupa þessar leiðir á götunni..

hætta á umferðaslysi í ljósaskiptunum.

Nóg til staðar

Veit ekki

Tengja Selskóg við Dalhúsaskóg með göngubrú yfir Eyvindará

Milli Egilsstaða og Einarsstaða, svo til Hallormsstaðar

Vantar tengingar milli hluta út heildstæðarakerfi.

Hvar finnst þér helst vanta nýja göngu- og/eða hjólastíga í sveitarfélaginu?

Finnst að það þurfi að bæta viðhald þeirra stíga sem fyrir eru í Fellabæ.

Umhverfis flugvöllinn, umhverfis Egilsstaðakoll meðfram fljótinu og að lagarfljótsbrúnni.

Brú yfir miðhúsaá yfir í taglarétt og göngustíga miðhúsamegin.

Allar leiðir út úr bænum

gangstéttir við gatnamót tjarnabrautar og fagradalsbreutar.

Frá idnadarhverfi inn fyrir sudursvæði . Umhverfis flugvöll meðfram vegi frá fellabæ að urriðavatni

í nágrenni þèttbýlis, án þess að vera innan þess. utan umferðar.

Vantar út frá Egilsstöðum, fólk er mikið að ganga og hjóla út Eiðaveg og upp Vallaveg sem myndar hættu í umferðinni.

Tengja betur saman íbúðar og atvinnusvæði

Frá göngustíg á nesinu að íþróttahúsi og frá íþróttahúsi í Fellabæ að grunnskóla - Uppbyggða og malbikaða stíga.

Fullt af öðrum stöðum líka, t.d. frá Votahvammi meðfram Eyvindará að Árhvammi og göngustígar á Suðursvæði.

Umhverfis flugvöll

Selbrekkuni

Klára þá göngustíga sem er gert ráð fyrir í nýjum hverfum

Á milli ME og Egilsstaðanes

Meðfram "Eiðaveginum" frá Eyvindarárbrú og áleiðis úti Eiðapíngá.

Meðfram fljótinu, frá Fellabæ norður að Urriðavatni

Til dæmis í kringum flugvöll.

Göngustígahring frá Votahvammi (gamli afleggjari að hesth.) og meðfram ánni, tenging inn á túnvegina

og halda áfram meðfram flugvellinum sem tengist göngustígnum á nesinu nálægt lagarfljótinu :)

Hallormsstað

allar styttri leiðir mikli gatna og hverfa má skoða betur

Það vantar tengingu á milli Hótel Héraðs og Bónus, enginn göngustígur þannig að fólk þarf að ganga á götunni þar á milli.

Það má laga kanta á gangstéttum svo þeir séu hjólavænir. Það er fáránlegt að koma niður Skógarlönd á hjóli

og ætla að taka göngu/hjólastíginn niður í Laufás og það er ekki hægt með góðu móti að komast beint uppá gangstéttina

yfir Tjarnarbrautina.

í Fellabæ og Smjörvatnsheiði

Suðursvæði

Hvar finnst þér helst vanta nýja göngu- og/eða hjólastíga í sveitarfélaginu?

Víða þarf að malbika og hirða um gögnustíga/stytttri leiðir innan bæjar s.s. stíga milli Útgarðs/Miðgarðs og Vonarlands, skafa stíginn sem liggur að Hamragerði bak Sláturhús á vetrum. Gera göngustíg meðfram vegi hjá Húsasmiðju og lýsa upp, gera göngu/hjólastíg með malbiki út í Eiðar og upp á Hallormsstað.stíg

meðfram Lagarfljóti

A.m.k. klára göngu-/hjólastíg frá Lagarfljótsbrú að Fellavelli/Fjölnýtisal svo ekki þurfi að ganga/hjóla á þjóðvegi 1.

Inn Vallaveg og út Eiðaveg

í átt að golfvellingum.

Göngu-hjólastígur milli Egilsstaða og Hallormsstaðar myndi stórbæta öryggi og hreyfinguleika fjölskyldna á svæðinu.

Frábært væri að geta tengst og ferðast til Hallormsstaðaskógar með þessum hætti og notið þess fagra umhverfis sem á leiðinni er, gangandi, hjólandi, á línuskautum, hjólaskíðum og fl, án þess að vera í hættu vegna bílaumferðar.

Auk þess sem bundið slitlag á veginum hentar illa fyrir línuskauta og hjólaskíði.

Hvar finnst þér helst þurfa að bæta merkingar á eldri stígum/gönguleiðum í sveitarfélaginu?

Það þarf að bæta gangbrautamerkingar, þær eru í mjög slöku lagi í bænum

Laga þarf stíginn sem liggur frá Dalskógum og út í Ártröð, malbika hann. Hann er oft bara drulla og ekki gaman að fra hann.

Mætti merkja fleiri styttri gönguleiðir í sveitum

veit ekki

Þekki það ekki nógu vel.

?

á flestum stöðum

mjög mörgum fjallvegum, þyrfti að fara vel í það

upp að Fardagafossi, inn að Hjálpleysu?

Kort fyrir ferðamenn sem tilgreinir hvar stígar liggja og hvað er að sjá

Vantar skrúðgarð og útivistarsvæði í Fellabæ

Hef ekki skoðun.

Í Selskógi

þarf að lagfæra þær merkingar sem eru til staðar

Mörg skilti í Selskógi standa ekki lengur

Göngustíginn sem liggur frá Dalskógum og út að Ártröð þarf að lagfæra mikið (endurbýggja).

Öllum

merkja þarf allar styttri gönguleiðir og gefa út nákvámara gönguleiðakort, sem nýtist bæði íbúum og ferðafólki.

þekki það ekki.

þar sem gönguleiðir þvera umferðarleiðir

Allstaðar

Sérstaklega illa merkt í kringum Bónus, stígurinn við Fóðurblönduna. Mætti líka skipta aðalstígnum í göngu og hjólabraut svipað og er gert í Elliðaárdalnum í Rvík

Laga og merkja upp að Fardagafoss

Inn í þéttbýlinu

gamlir stígar með handriðum sem eru óhritir þurfa betrun

Gangbrautir þurfa að vera meira áberandi. Það má laga merkingar sem sýna hvar hjólandi umferð á að vera og hvar gangandi.

Kverkfjöllum og Snæfelli


Á flest öllum stöðum og gamlir stígar (með gulu handriðunum) þurfa andlitslyftingu

stígnum frá Dalskógum og út í gegnum -traðir

Eiðum

hlutlaus

Hvað af eftirfarandi vilt þú helst fá fræðslu um?



Hvað af eftirfarandi vilt þú helst fá fræðslu um?

hvað hefur sparast með sameiningu leikskólanna í krónum og með því að elda ekki í leikskólunum umhverfisvænan lífstíl, "græna neyslu"

Fræðsla sögulegs eðlis sem leið til að bæta virðingu fyrir umhverfinu

finnst að það þurfi að vera meira vitund um þessa hluti

Upplýsa íbúa í sveitarfélaginu enn og aftur um flokkun

Stefnu, hugmyndir og afkomu sveitarfélagsins.

Nota heimsíð bæjarfélagsins fyrir gullkorn mánaðarins, koma því á póstlista og fésbók


Fjölga ruslatunnum á götum bæjarins og áróður um að henda ekki rusli á víðavangi.

Íbúar fái örnefnakort að gjöf frá sveitarfélaginu

Dreifbýli sveitarfélagsins

Þjóðgarðinn í sveitarfélaginu. Hann er tækifæri, þó hann sé langt frá þéttbýlinu.

Hvernig telur þú best að koma upplýsingum um umhverfismál á framfæri við íbúa?



Hvernig telur þú best að koma upplýsingum um umhverfismál á framfæri við íbúa?

Það á að spara bréfasendingar þar sem við erum jú að fjalla um umhverfismál

Aðeins sárafáir íbúar heimsækja heimasíður sveitarfélaga reglulega

Maður á mann er það sem virkar yfirleitt best. Hvernig sem bester að útfæra það.

stofna umræðuhópar


misjafnt hvað hentar hverjum og einum, engin ein leið nægir

Efla má til muna þátttöku íbúa með virkum hverfasamtökum ef menn þora að takast á við liðræðið. Ef ekki halda sér við lokuð fundarherbergi ásamt fundargerðum sem gefa ekki rétta mynd af því sem fer fram.

Allar leiðir að ofan eru góðar

Auglýsing í dagskránni

Hvað varðandi fjallskilamál þarf helst að bæta?



Hvað varðandi fjallskilamál þarf helst að bæta?

Hef ekki þekkingu á því

Láta þá sem eiga fé sjá um þetta

Hef enga skóðun núna.

Uppsalamenn þurfa ekki rétt, þeir hafa alltaf rétt fyrir sér (s.b.r. þorrablót í Hjaltalundi)

Vil að þessi rekstur sjá um sig eins og annar rekstur.

Er ekki inn í þessum málum

Það eiga bara allir að sjá um að smala sín heimalönd. Samræma göngudaga svo féð fari ekki milli svæða þegar smalað er sitt hvorn daginn.

Veit ekki

hef ekki skoðun á þessu

Það þarf að halda girðingum í kringum þéttbýli í lagi.

geta bændur ekki séð um sín mál sjálfir?


Þekki það ekki.

Þekki ekki fjallskil


Veit ekki

Að smalar segi almennt tíb-tíb-tíb og hó-hó í návist fjár

Finnst þér opnunartími gámvallar á Egilsstöðum viðunandi? (kl. 9-17 virka daga, 11-14 laugardaga, auk þess sem opið er frá kl. 12-14 á sunnudögum frá 1. maí til 1. sept.)



Hvaða breytingar þarf helst að gera?



Hvaða breytingar þarf helst að gera?

sérstaklega á sumrin þegar fólk er að slá og laga til í görðum

Hafa opið lengur fram á daginn. Þeir sem vina til 17:00 komast ekki með rusl og geta svo kannski ekki heldur nýtt helgarnar.

Hafa opið til kl. 18-19 og eitthvað um helgar.

Flestir íbúar hefja tiltekt eftir klukkan 17. að hafa opið til 18 alla virka daga gæti verið betra en 19 einn dag fyrir íbúana.

hafa opið lengur einhverja daga í viku og lengur á laugardögum

Opna síðar og loka síðar, t.d 10-19 ?

Lokun kl. 17:00 hentar illa íbúum sem vinna hefðbundna dagvinnu, en þurfa að koma rusli frá heimilum sínum,

eða koma trjám og gróðri á móttökustöð.

hafa opið til 18 virka daga

Dagvinnufólk hjá Alcoa hefur ekki nein tæk á að nýta sér þjónustu gámapalla á virkum dögum

þar sem að rútan er að koma í bæinn um kl. 17. Því væri einn dagur með lengri opnun snilld.

Hafa opið lengur virka daga.

opna kl 8

Nauðsynlegt að endurvinnslumóttaka drykkjaríláta sé opin utan vinnutíma venjulegs fólks.

Vilt þú koma fleiru á framfæri?

vetrarmokstur og hálkuvarnir óviðunandi!!

Það er ansi mikill hundaskítur um bæinn og því miður líka of mikið af köttum sem míga allt út hjá manni.

Mér er hvorki illa við ketti eða hunda en þetta er samt pirrandi. Í fyrra vorum við með smá matjurtagarð við húsið okkar en því miður hentum við uppskerunni vegna ágangs katta í garðinn og það var alveg sama hvað við gerðum til að reyna að halda þeim frá.

Þetta er frekar ógeðsleg. Einnig vil ég sjá fleiri hraðahindrannir í íbúðargötum sérstaklega í þeim eldri hverfum, það er ekið rosalega hratt og börn og gangandi vegfarendur eru í stór hættu. Það er margt gott hjá sveitarfélaginu, svo sem sorpflokkun sem ég er mjög ánægð með, einnig finnst mér heimasíður skilvirkar, svo sem heimasíða sveitarfélagsins, og auðvelt að ná sér í upplýsingar, eins og í skólunum.

Það þarf að gera átak í að halda bænum snyrtilegri. Bæði með að tína rusl á sumrin og eins með að fræða börn, unglunga og alla með það að markmiði að fólk gangi betur um svo ekki þurfi látlaust að tína rusl upp eftir fólk. Umgengni íbúa hér í bæ er ekki nógu góð og of mikið af rusli í bænum. Uppeldisleg fræðsla kæmi kannski að gagni. Þarf að huga að slætti og umhirðu opinna svæða sem eru nokkur í órækt. Þyrfti að slá þau að minnsta kosti einu sinni á sumri og þá ekki alveg síðast á sumrinu eins og nú er gert þegar allt er sprottið úr sér. Má líka huga að lausagöngu hunda og katta.

Bara þetta með garðaúrganginn sem ég tróð annars staðar inn í könnunina!

Legg til að Héraðið noti peninga sem hafa farið í unglíngavinnuna í að fjármagna námsdvöl þeirra í fyrirtækjum. Þ.e. bjóða fyrirtækjum upp á að fá unglíng að kostnaðarlausu til skilgreindrar vinnu skv. reglugerðum svo að litið verði á unglíngavinnuna með meiri virðingu og þá verður "nám" í að vinna betra.

Nei ekki núna. Geri það bara í næstu könnun.

Ánægð að sjá þessa könnun - flott framtak :)

Svona könnun er gott framtak hjá nefndinni.

Það þarf að laga gangstéttir vítt og breytt um bæinn. Þær eru sundursprungnar og illgresi vex upp um sprungurnar. Mjög subbulegt og ljótt.

takk fyrir

Leggja mun meiri áherslu á faglega umhirðu trjágróðurs í sveitafélaginu.

Vilt þú koma fleiru á framfæri?

Bærinn hefur látið á sjá undanfarin ár og er ekki lengur til sóma eins og hann var.

Þessa skoðun viðra m.a. gestir sem hingað hafa komið í heimsókn.

Ráðamenn verða að gera sér grein fyrir þessu og gefa þessum málaflökki aukið vægi.

Takk fyrir þessa könnun.

Finnst halla mikið á umhirðu í Fellabæ miðað við Egilsstaði að sumarlagi,

það er mjög nauðsynlegt að koma upp meiri trjágróðri í og í kringum miðbæ Egilsstaða til að brjóta niður vind. Þessar háu byggingar sem eru komnar á þessu svæði búa til mikla vindstrengi sem þarf að minnka eins og hægt er.

Aðkoma inn í bæinn okkar fyrir ferðamenn þarf að bæta. Vantar skilti um velkomin í bæinn, kort og helstu afþreyingu og þjónustu. Skammarleg aðkoma í bæinn af Völlunum kringum Dagsverk.

Snjóhreinisa og hálkuverja adalgöngustíga betur og fyrr en Verid hefur

ánægjulegt að geta tekið þátt í svona könnun og mættu fleiri nefndir og stofnanir sveitarfélagsins taka sér þetta til fyrirmyndar.

Mikil þrengsli á losunarstað garðúrgangs, erfitt að athafna sig með kerru!

Þó að þetta núi að umhverfismálum þá má benda á að öll gjöld sveitarfélagsins hvort sem um ræðir fasteigna eða leiksólagjöld, þá eru þau að sliga fólkið hérna. Íhugið það.

Þar sem að Dagsverk er við þjóðveginn mætti þá ekki laga aðeins til þar?

Gaman væri að fá einhver leiktæki á leikvöllinn sem er skipulagður í Bláargerði

þeir sem ekki hirða garða sína vel ætti að bjóða þeim það gegn smávægilegu gjaldi!!sumt gamalt fólk hefur ekki orku né getu til þess og svo þeir sem ekki nenna því hafi þá þann kost að kaupa þjónustu af sveitarfélaginu á sanngjörnu verði..

Ekki má gleyma snjóruðningnum margumtalaða - betur má ef duga skal og mér finnst ruðningur og hálkuvörnir á göngustígum mega vera betri

Ruslatunnur meðfram göngustígum sárvantar, sér í lagi í nýju hverfunum, inni á Hömrum og uppi í Selbrekku. Eins mætti bæta við ruslatunnu á nesinu við Flugvallavegamótin og á göngustíg við Eyvindará utan við Votahvamm.

Opna garðaúrgangssvæði.....

Ég var mjög ánægð þegar ég sá umbæturnar á gangstéttum og hraðahindrunum síðasta sumar.

Oft vantar bara að tengja saman þær gönguleiðir sem fyrir eru til að auka fjölbreytnina.

Það er alltaf gott að geta gengið í hring.

Vilt þú koma fleiru á framfæri?

Vil ekki sjá vinnuskólan gjörsamlega stjórnlausan eins og síðustu 3-5 ár með enga verkstjórn og krökkunum ekki kennd rétt vinnubrögð. Flokkstjórar kunna varla sjálfir þau handbrögð sem börnin eiga að læra og er það ömurlegt að horfa upp á sumar eftir sumar.

Það er gott að búa á Egilsstöðum en það mætti leggja meiri áherslu á hálkueyðingu á þeim svæðum sem elstu íbúarnir okkar þurfa mest að nota.

Það má fara að koma niðurstaða vegna skipulags miðbæjar Egilsstaða. Mörg opin sár sem eru ljótur blettur á bænum, bærinn er ekki hlýlegur í þessari mynd. Það má huga betur að fjölskyldufólki og öðrum þeim sem vilja sitja og njóta útiveru í miðbænum, það má huga að að hægja a umferð, setja upp fjölskyldugarð í nálægð við miðbæinn og þétta hann. Ekki bæta við fleiri bílastæðum. Á síðasta ári var farið í að bæta opin svæði á Samfélagsdaginn og í vetur sem leið hafa þau svæði mjög líklega verið eyðilögð með snjórúðningum sem eiga líkast til ekki eftir að hverfa fyrr en í sumar sbr Miðvangssvæðið. Sanda fleiri göngustíga og oftár, ryðja betur göngustíga, aðstöða fólk betur við að koma bílum í stæði svo ekki þurfi að geyma bíla útá götum endalast. Ryðja stíga betur svo það sé mögulegt að sleppa bílum á leið með börn á leikskóla. Gera átak í að halda þeim stígum sérstaklega auðum, minni mengun, heilsusamlegri íbúar.

Snjómokstur er ófullnægjandi, allt of mikil snjósöfnun í Miðbænum og víðar, þarf að keyra í burtu, laga aðgengi milli norður og suðurhluta bæjarins, kanski undirgöng, kanski gangbrautarljós.

Taka hart á ílla hirtum görðum, atvinnusvæðum og söfnunaráráttu sumra sérstaklega með ónýtar bíldrúslur. Fegra aðkomu að bæjarfélaginu með trjágróðri til að draga úr ömurlegum iðnaðarsvæðum, endilega ná saman með þeim er reka fyrirtæki út um allan bæ um að fegra og laga til hjá sér.

Að sveitarfélagið er meira en þéttbýli taka aftur upp ruslatýnslu meðfram vegum í sv.fél. líkt og gert var fyrir sameiningu

pxckvdðpð gæp'ð fkkogpö ö ö ypcf'ðph'ð juðukii

Hvetja þarf fólk til þess að ganga eða hjóla meira. Eins er lausaganga bíla óþolandi fyrirbæri og ætti ekki að líðast. Alla staði á Egilsstöðum er hægt að nálgast á 15 mínútum eða skemur.

Viðhald göngustíga, snjómokstur og söndun skiptir sköpum svo fólk komist leiðar sinnar á vetrum. Það er alveg klárt að fólksbíllinn hefur alltaf forgang í augum Héraðsbúa.

Þessu viðhorfi verður að breyta.

Vilt þú koma fleiru á framfæri?

Viðhald gatna ófullnægjandi.

Merkingu gönguleiðanna í Perlur Fljótsdalshéraðs er alvarlega ábótavant og mörg dæmi um að fólk fari ekki vegna merkingarleysis leiðanna. Úr þessu má bæta því þetta er mjög skemmtilegt fyrir ferðamenn og fjölskyldur að taka þátt í þessum göngum.

Almenningssamgöngur eru hluti af umhverfismálum. Núverandi fyrirkomulag á isölu strætófargjalda er algerlega út í hött. Annaðhvort á að vera hægt að greiða í vagninum eða einfaldlega (og sem er skynsamast) frítt í strætó !!!!

Miklu meiri trjágróður í miðbæ Egilsstaða

Margt til fyrirmyndar, s.s. sorpflokkun. Þarf að tryggja að fólk VITI að flokkað sorp sé raunverulega endurrunnið en fari ekki allt í urðun. Heyri því miður öðru haldið fram.

Íbúar þyrftu að getað fengið gróðurmold, og laga þarf garðaúrgangssvæði og ráða þar sumarstarfsfólk td.skólafólk, Einnig þarf að láta vinna á njóla hvönn og garðakerfli. Því berti göngustíga sem við höfum því meiri áhugi verður hjá íbúum á umhverfinu.